

Nr. 17 007 S 006 Brúarfoss***Skipverji tognar í baki við björgunaræfingu***

IMO.nr. 8914568
Útgerð: Eimskip ehf
Fánaríki: Antigua og Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m *Dýpt:* 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. janúar 2017 var Brúarfoss við bryggju í Immingham. Veður: SSV 3 m/s.

Skipverjar voru á björgunaræfingu m.a. við frífallsbát en eftir hana kenndi einn þeirra sér meins í baki.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn fékk slink á bakið og tognaði við að fara upp úr frífallsbátinum;
- að hann var frá vinnu í hálfan mánuð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.